

*Dreifibréf til váttryggingafélaga
b.t. forstjóra*

22. desember 2015

Tilvísun: 2015080028

Efni: Vegna ORSA ferlis – sameiginleg endurgjöf

Vegna undirbúnings fyrir innleiðingu á Solvency II hefur Fjármálaeftirlitið, frá árinu 2011, óskað eftir afriti af skýrslum váttryggingafélaganna sem unnar hafa verið vegna eigin áhættu- og gjaldpolsmats þeirra (ORSA). Árin 2011-2014 gaf Fjármálaeftirlitið út leiðbeiningar um framkvæmd ORSA sem voru byggðar á leiðbeiningum EIOPA um sama efni. Árið 2015 voru ekki gefnar út sérstakar leiðbeiningar heldur var vísað beint í leiðbeiningar EIOPA.

Yfirferð eftirlitsins hefur þróast töluvert á undanförunum árum, en ætlunin er að fara í mun ítarlegri skoðanir á einstökum þáttum ferlisins, innan hvers váttryggingafélags.

Að mati Fjármálaeftirlitsins hafa ORSA skýrslur váttryggingafélaganna almennt tekið jákvæðum breytingum frá fyrstu ORSA skýrslunum og eru þær margar hverjar ágætar. Síðasta yfirferð eftirlitsins hefur þó leitt í ljós ýmis atriði sem váttryggingafélögin þurfa almennt að taka betur til skoðunar við næsta eigið áhættu- og gjaldpolsmat.

ORSA er eigið mat váttryggingafélags á gjaldpoli og áhættum sem tengjast rekstri þess, þar af leiðandi þarf hvert váttryggingafélag að meta hvort eftirfarandi atriði eigi við gjaldpols- og áhættumat þess. Tilgangur ORSA er annars vegar að gefa góða sýn á áhættu og gjaldpol félagsins og samstæðunnar og hins vegar að þróa og viðhalda öflugri áhættustýringu váttryggingafélags. Til að ORSA nýtist váttryggingafélagi sem best er mikilvægt að félagið tileinki sér ferlið og geri það að órjúfanlegum hluta áhættustýringarinnar.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Almennt:

Líkt og áður hefur komið fram er ORSA *eigið* áhættu- og gjaldpolsmat váttryggingafélags og er því mikilvægt að váttryggingafélag leggi mat á eigin áhættur og hvernig eigi að bregðast við þeim. Skýrslu um eigið áhættu- og gjaldpolsmat á að vera beint til stjórnar félagsins og á ekki að bera þess merki að vera unnin fyrir eftirlitsaðila. Sé skýrslan unnin með tilliti til þessa eru niðurstöður hennar mikilvægt og nytsamlegt tól í ákvarðanatöku stjórnar og stjórnenda.

Fjármálaeftirlitið telur niðurstöðukafla skýrslanna almennt vera ófullnægjandi og ekki gefa nægjanlega yfirsýn yfir ORSA ferlið og niðurstöður þess. Í niðurstöðum ORSA skýrslanna ætti að koma fram umfjöllun um hvernig niðurstöðurnar eru nýttar í ákvarðanatöku og stefnumótun félagsins. Almennt kemur fram afar lítil umfjöllun um aðkomu stjórnar og hvernig niðurstöður eru notaðar í starfsemi félagsins.

Staðalreglan og sértækar áhættur:

Í c. lið 1. töluliðar 45. gr. Solvency II tilskipunarinnar kemur fram að váttryggingafélag skuli leggja mat á það hvort áhættusnið félagsins víki verulega frá forsendum staðalreglunnar. Almennt vantaði umfjöllun hjá váttryggingafélagunum um hvernig forsendur staðalreglunnar eiga við um áhættusnið þeirra. Lítið er um að félögin skilgreini aðrar áhættur en þær sem koma fram í staðalreglunni, en líkt og áður hefur komið fram er tilgangur ORSA sá að váttryggingafélögin leggi mat á *eigin* áhættur. Í þeim tilfellum þegar félögin hafa skilgreint aðrar áhættur er alla jafna afar takmörkuð umfjöllun um áhrif þeirra og skortur á umfjöllum um það hvernig bregðast eigi við ef áhætturnar raungerast.

Verði mikilsháttar breytingar á umfangi áhættupátta á milli tímabila er mikilvægt að umfjöllun um slíkar breytingar komi fram í ORSA skýrslunni, en nokkuð þykir vanta upp á slíka umfjöllun hjá félögunum.

Viðskiptaáætlun og innlegg ORSA að ákvarðanatöku:

Eitt af grundvallaratriðum ORSA er að horfa fram á við og meta gjaldpolsstöðu félagsins ásamt þeim áhættupáttum sem gætu haft áhrif á hana næstu þrjú til fimm árin. Mikilvægt er að tenging sé á milli viðskiptaáætlunar, áhættu, gjaldpols og álagsprófa. Að mati Fjármálaeftirlitsins þykir umfjöllun félaganna um framtíðarsýn, viðskiptaáætlun og vörupróun vera verulega ábótavant.

Í niðurstöðum ORSA skýrslanna ætti að koma fram umfjöllun um hvernig niðurstöðurnar eru nýttar í ákvarðanatöku og stefnumótun félagsins, en almennt þykir skorta umfjöllun um það hvernig stjórnir félaganna nýta sér og koma að ferlinu.

ORSA stefna:

Innleiðing ORSA stefnu er lykilatriði í Solvency II tilskipuninni en um er að ræða mikilvægt tæki í áhættustýringu váttryggingafélaga. ORSA stefna félaganna á að vera samþykkt af stjórn og á ekki að vera hluti af ORSA skýrslunni.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Í leiðbeiningum EIOPA um ORSA ferlið er fjallað sérstaklega um ORSA stefnuna og hvaða atriða stefnan á að ná til. Góð ORSA stefna ætti að innihalda a.m.k. lýsingu á eftirfarandi atriðum:

- 1) ORSA ferlinu
- 2) tengingunni milli áhættusniðs félagsins, samþykktu áhættupoli og gjaldpolsþörf félagsins
- 3) aðferðum og umfjöllun um þá aðferðafræði sem félagið notar, m.a. upplýsingar um:
 - a) hvernig og hversu oft álagspróf, næmnigreiningar, könnun á viðnámsprótti eða aðrar viðeigandi greiningar eiga að fara fram;
 - b) kröfur til gæða gagna;
 - c) tíðni matsins sjálfs ásamt rökstuðningi fyrir því að aðferðir félagsins séu fullnægjandi með tilliti til áhættusniðs og flökki gjaldpolsþarfar þess miðað við gjaldpól.
 - d) hvenær framkvæma skuli ORSA og undir hvaða kringumstæðum félaginu ber að endurskoða ORSA utan reglulegrar tímasetningar.

Að auki mætti benda á að góð ORSA stefna tekur einnig til þess hvort ORSA sé framkvæmt fyrir samstæðuna, einstök félög eða bæði.

Þrátt fyrir að félögin hafi sett sér ORSA stefnu vantar þó nokkuð uppá að framangreind atriði séu uppfyllt.

Álagspróf:

Fjármálaeftirlitið telur framkvæmd álagsprófa vera órjúfanlegan þátt í eigin áhættu- og gjaldpolsmati váttryggingafélaga. Nokkuð áberandi var að umfjöllun félaganna um forsendur álagsprófa var takmörkuð og rökstuðning vantaði almennt fyrir þeim þáttum sem settir voru undir álagspróf. Þá vantaði umfjöllun um til hvaða aðgerða félögin eigi að grípa verði félagið fyrir þeim áföllum sem álagsprófið nær til. Til eru þrjár tegundir álagsprófa, i) næmnigreining (e. sensitivity analysis), ii) sviðsmyndagreining (e. scenario analysis) og iii) könnun á viðnámsprótti (e. reverse stress test).

Sviðsmyndagreining er mikilvægur þáttur í ORSA, en með slíkri greiningu geta stjórnendur váttryggingafélags betur gert sér grein fyrir því hvaða áhrif tilteknar aðgerðir geta haft á gjaldpól félagsins. Í þeim sviðsmyndagreiningum sem félögin gerðu er almennt gert ráð fyrir því að brugðist yrði við áfalli með niðurfellingu arðs. Þar sem ekki er víst að alltaf gefist tími til að beita stjórnunaraðgerðum telur Fjármálaeftirlitið æskilegt að hafa arðgreiðslur óbreyttar frá grunnsviðsmynd yfir í áfallssviðsmynd og skoða síðan stöðu mála ef stjórnunaraðgerðum er beitt, s.s. stöðvun arðgreiðslna.

Könnun á viðnámsprótti getur gefið góða mynd af veikleikum félagsins. Líkt og með aðrar tegundir álagsprófa er mikilvægt að forsendur könnunar á viðnámsprótti komi fram auk umfjöllunar um niðurstöður þeirra og hvort félagið telur þörf á breytingum í kjölfarið. Umfjöllun félaganna um könnun á viðnámsprótti er þó almennt heldur rýr að því gefnu að slík könnun hafi farið fram yfir höfuð.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Fjármálaeftirlitið hvetur váttryggingafélög að taka framangreind atriði til athugunar, eftir því sem við á, við framkvæmd næsta ORSA ferlis.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Halldóra E. Ólafsdóttir
Halldóra E. Ólafsdóttir

Sara Sigurðardóttir
Sara Sigurðardóttir